

Íbúaráð Reykjavíkurborgar

Hugmyndasöfnun í Hverfið mitt 2022-2023

Til upplýsingar fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar.

Nú stýttist í hugmyndasöfnun í Lýðræðisverkefninu Hverfið mitt sem mun fara fram frá 22. september til og með 27. október. Hugmyndasöfnun fer fram á Hverfidmitt.is.

Fjármagn í framkvæmdapottinum er 850 milljónir sem dreifast á milli hverfa Reykjavíkurborgar, að hluta til jafnt en einnig eftir íbúafjölda. Nú er því tækifæri til að senda inn stærri og dýrari verkefni í hugmyndasöfnunina.

Hugmyndasmiðir eru hvattir til að skila inn vel unnum hugmyndum í samræmi við forsendur hugmyndasöfnunarinnar. Stöðugt hefur verið unnið að því að bæta verkefnið og auðvelda innsendingu hugmynda á undanförunum árum. Auk þess að lýsa hugmynd í orðum er mögulegt að láta ljósmyndir og teikningar fylgja til skýringar.

Á meðan hugmyndasöfnun stendur verð ég með kynningar í grunnskólum og félagsstarfi á vegum Reykjavíkurborgar. Ef það eru viðburðir í hverfinu á meðan hugmyndasöfnun stendur eða önnur tækifæri fyrir mig til að koma kynna verkefnið og ná til íbúa megið þið endilega láta mig vita og við getum reynt að nýta tækifærið. Ég óska þá eftir að þið sendið mér póst með upplýsingum um umræddan viðburð og ég geri mitt allra besta til að koma því inn í kynningardagskránnu mína.

Undirritaður hvetur íbúaráð Reykjavíkurborgar eindregið til að taka þátt í því með okkur að vekja athygli á hugmyndasöfnuninni þegar hún hefst og hvetja íbúa hverfisins til að taka þátt og senda inn hugmyndir.

Virðingarfyllt,
Eiríkur Búi Halldórsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa



Reykjavíkurborg